

Hvað er FAL?

Læknafélag Íslands (LÍ) er stéttarfélag lækna. Innan LÍ starfa fjögur “aðildarfélög” sem sinna hagsmunagæslu sinna félagsmanna bæði innan LÍ og utan þess.

Félag almennra lækna (FAL) er aðildarfélag “almennra lækna” - þ.e. lækna sem ekki hafa lokið sérfræðinámi. Læknar sem tilheyra FAL eru flestir í sérnámsgrunni eða í sérnámi. Félagið telur rúmlega 500 félagsmenn og er stærsta aðildarfélag LÍ. Þar að auki geta læknanemar eftir 4. ár fengið aukaaðild að LÍ og FAL.

Hvað gerir FAL?

Vinna FAL fer fram í þremur nefndum, auk stjórnar FAL:

Hagsmuna- og samninganefnd: Sinnir hagsmunagæslu fyrir félagsmenn FAL, t.d. að kjarasamningar séu virtir og málum tengdum vinnuskilyrðum og starfsumhverfi.

Fræðslunefnd: Skipuleggur fræðslukvöld fyrir félagsmenn og kemur að undirbúningi Læknadaga.

Skemmtinefnd: Skipuleggur viðburði fyrir félagsmenn, bæði minni viðburði og GalaFAL sem er nokkurs konar árshátíð félagsins.

Stjórn FAL

Í stjórn FAL sitja fulltrúar sem eru kjörnir á aðalfundi félagsins. Stjórnin fundar reglulega til að ræða mikilvæg málefni félagsins til að tryggja hagsmuni félagsmanna. FAL á einnig tvo fulltrúa sem sitja í stjórn LÍ. Hægt er að senda erindi til stjórnar FAL á fal@fal.is

Stjórn félagsins 2026-2027 skipa:

Hjördís Ásta Guðmundsdóttir, formaður og fulltrúi í stjórn LÍ

Jóhannes Davíð Purkhús, varaformaður

Brynja Kristín Einarsdóttir, fulltrúi í stjórn LÍ

Egill Gauti Þorsteinsson, gjaldkeri

Helga Þórsdóttir, meðstjórnandi

Embla Rún Björnsdóttir, meðstjórnandi

Diljá Hilmarsdóttir, meðstjórnandi

Sandra Rún Svansdóttir Þormar, meðstjórnandi

Áheyrnarfulltrúar frá Félagi læknanema (FL) í stjórn FAL eru formaður og varaformaður FL.

Get ég verið í FAL?

Allir meðlimir í LÍ geta skráð sig í FAL. Félagsgjöld eru 5.000 kr og eru rukkuð einu sinni á ári.

Við hvetjum alla félagsmenn til að ganga í Facebook hópinn “Félag almennra lækna (FAL)” og fylgjast með starfsemi félagsins þar og á Instagram síðu félagsins.